



Starfsáætlun leikskólans

2022 – 2023

Nafn: Leikskólinn Reykjakot

Heimilisfang: Krókabyggð 2

Símanúmer: 5668606

Vefsíða: <https://reykjakot.leikskolinn.is/>

Netfang: tot@mos.is

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.4 Matsáætlun	Error! Bookmark not defined.
2.1 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi.....	5
2.2 Húsnæði og lóð.....	Error! Bookmark not defined.
2.3 Ytra mat	7
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	Error! Bookmark not defined.
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál og áætlanir	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	10
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	10
4.3 Vinnustaðagreining	Error! Bookmark not defined.
4.4 Símenntun frá síðasta ári.....	10
4.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	10
5. Aðrar upplýsingar	11
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	11
5.2 Foreldrasamvinna	11
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12

5.4 Almennar upplýsingar	12
5.5 Áætlanir	12
Fylgirit	Error! Bookmark not defined.
• Matsgögn	Error! Bookmark not defined.
• Leikskóladagatal	Error! Bookmark not defined.
• Umsögn foreldraráðs	Error! Bookmark not defined.
• Annað	Error! Bookmark not defined.

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, fjöldi deilda, fjöldi virkra tungumála
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

1. Ávarp leikskólastjóra

Skólaárið 2021-22 var að mörgu leyti frábrugðið öðrum skólaárum þar sem sóttvarni/takmarkanir vegna Covid-19 höfðu mikil áhrif á allt skólastarf. Hins vegar tókst okkur vel til í Mosfellsbæ með góðu samstarfi að takast á við breyttar aðstæður að hverju sinni. Starfsmannahald var ágætt, þó voru 3 starfsmenn í langtímaveikindum og hafði það mikil áhrif sérstaklega á rekstur mótuneytis. Viðbótar starfsdagur var haldinn vegna breyttra sóttvarna og var hann nýttur í að skipuleggja nýjar takmarkanir. Ágætlega gekk að fylgja kennsluáætlunum á elstu deildunum en á yngri deildunum fundum við fyrir skorti á faglegri sýn inn í starfið. Í kjölfarið fengum við til okkar ráðgjafa frá skólaskrifstofu sem veitti ráðgjöf og leiðsögn. Í kjölfarið var gerð úrbótaáætlun og hefur gengið vel að fylgja henni eftir. Eftir endurmat á fjölda barna inn á hverri deild ákváðum við að bæta við fimmtu deildinni. Gamli Grænikjarni var tekinn aftur í notkun fyrir börn og börnum fækkað á öllum deildum. Fyrirhugað er að skipta út eldhúseiningu og setja nýtt hús/einingu. Helstu áherslur næsta skólaár er að innleiða námsmat og endurmenntun í gegnum Menntasmiðju. Áhersla á fræðslu starfsfólks um leikskólastarf og þroska barna. Reykjakot verður með myndlistakennara fyrir elsta árganginn einu sinni í viku og söngstjóra sem kemur einu sinni í viku til að vera með söngfund. Hann mun mæta með gítar ásamt öðrum hljóðfærum og styðja við tónlistarnám. Útikennsla er fyrir tvo elstu árgangana þar sem áhersla er lög á upplifun og sköpun.

Nafn:

Þórunn Ósk Þórarinsdóttir, leikskólastjóri Reykjakoti

Mosfellsbæ

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans 2022 og umbótaáætlun

Málörvun, helstu niðurstöður:

	Samkvæmt skipulagi	Hvernig metið	Skýring	Leiðir til úrbóta	Ábyrgð	Mat
Samverustundir	Melur-Gekk Mýri-Gekk Birki-Gekk Ösp-Gekk	Kennslu-áætlanir				
Lubbi	Melur-Gekk að hluta til Mýri-Gekk að hluta til Birki-Gekk ekki	Kennslu-áætlanir	Skortur á fagfólki Forföll	Lubbanámskeið 16. sept.	Leikskólastjóri	Námskeið og málörvunar-stundir skráning
Brjálaða Bína	Birki gekk ekki Ösp gekk ekki	Kennslu-áætlanir	Skortur á fagfólki Forföll	Fræðsla-undirbúningur	Leikskólastjóri	Málörvunarstundir-skráning
Söngur/sögur	Melur-Gekk Mýri-Gekk Birki-Gekk Ösp-Gekk	Kennslu-áætlanir				

2.2 Ráðgjöf frá skólaskrifstofu til úrbóta í Litlakoti:

Húsnæði og skipulag	Úrbætur	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Lokið
Tiltekt	Henda og taka niður	Leikskólastjóri	31.3.2022		Lokið
Hvöld	Bæta við körfum	Deildarstjóri	31.3.2022		Lokið
Fyrirkomulag á umgjörð hvíldar	Setja í skipulag	Deildarstjóri	31.3.2022		Lokið
Skápar og skúffur með leikefni	Nýta betur	Leikskólastjóri	31.3.2022		Lokið
Heimiliskrókur leikefni	Henda og endurnýja	Leikskólastjóri	31.3.2022		Lokið
Flokka leikefni	Setja í skúffur	Deildarstjóri	31.3.2022		Lokið
Bókakrókur -	Endurskipuleggja	Deildarstjóri	31.3.2022		Lokið
Skipti-aðstaða	Athugasemd frá VE, vegna aðstöðu	Leikskólastjóri	1.8.2022		Lokið á Ösp/ Birki haust 2023


2.3 Foreldrakönnun, helstu niðurstöður:

	Skólapúlsinn	Niðurstöður	Leiðir til úrbóta	Ábyrgð	Mat
Ánægja foreldra með leikskólann	þarf að bæta	Efla samtal og uppl. til foreldra	Fréttabréf 1 viku myndir í Karellen – markvissari foreldraviðtöl	Leikskólastjóri -deildarstjórar	Foreldra-könnun 2023
Ánægja með stjórnun	Gott				
Ánægja barns í leikskólanum	þarf að bæta	Atferlisathuganir á deildum	Endurskipuleggja dagplan		
Hollt matarræði	Gott				
Upplýsingamiðlun	þarf að bæta	Daglegt samtal við foreldra	Fréttabréf 1 viku myndir í Karellen	Leikskólastjóri -deildarstjórar	Foreldra-könnun 2023
Leikskólabyrjun	þarf að bæta	Börninn finn sig örugg frá fyrsta degi	Breyta innritun og hefja þátttöku-aðlögun	Leikskólastjóri	Foreldra-könnun 2023

2.4 Starfsmannakönnun, helstu niðurstöður:

1. Ef þú lítur til 12 síðustu mánaða, hefur þú á heildina litið verið ánægð(ur) eða óánægð(ur) í starfi þínu hjá [nafn vinnustaðar]?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	7	43,8%
Fremur ánægð(ur) (4)	5	31,3%
I meðallagi (3)	3	18,8%
Fremur óánægð(ur) (2)	1	6,3%
Mjög óánægð(ur) (1)		
Gild svör	16	100,0%



Veldu spurningu:

1. Ef þú lítur til 12 síðustu mánaða, hefur þú á heildina litið verið ...

0

Þú ert skráð(ur) inn sem **Leikskólinn Reykjakot**

Veldu mælingu:

2022

Veldu vinnustað:

Mosfellsbær

Meðaltal 4,13

Vikmörk ± 0,47

Staðalfrávik 0,96

Maskínmeðaltal 4,11

Mosfellsbær 4,20

1 2 3 4 5

Talsvert mikil bæting í ánægju í starfi, starfsanda og öðrum lykilþáttum frá síðasta ári.
Svar um einelti (1) og (1) svar um áreitni.
Stjórnendamat kemur vel út

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í samskiptum, umönnun, leik og skapandi starfi þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stítt í námi og þroska.

Námsþættir	Læsi og samskipti 5.09.22-21. 10.22	Heilbrigði og vellíðan 24.10.22- 31.12.22	sjálfbærni og vísindi 02.01.23- 25.02.23	Sköpun og menning 27.02.23- 22.04.23		
Námsleiðir	Leikur	Snemmtæk íhlutun	Leikur að læra	Útivera og umhverfismennt	Heilsueflandi leikskóli	Myndmennt/tónlist

Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Innra Mat leikskóla og setur sér það markmið að klára áætlun í árslok 2022

4. Starfsmannamál og áætlanir

4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Fjöldi starfsmanna-27

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl- tekin í apríl/maí ár hvert

4.4 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári- Fræðsludagur leik- og grunnskóla og innra mat

4.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn

- Fjöldi barna í leikskólanum 1. maí 85- 1. september 83
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku 12
- Fjöldi tungumála 6

5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.
- **Foreldrafundir:** Foreldrafundur, tveir á ári
- **Foreldraviðtöl:** Tvisvar á ári eru formleg foreldrasamtöl. Hið fyrra er í nóvember og hið síðara í mars. Í samtalinu í nóvember er líðan barnsins undirstaðan og farið er yfir TRAS skráningu barnsins með foreldrum. Seinna foreldraviðtalið er farið yfir framvindu og líðan. Foreldrar geta valið á milli fjarfunda, símaviðtals eða að koma og hitta deildarstjóra. Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir telja þörf á. (dagsetningar, fyrirkomulag).

- Foreldrafélag: Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og kennara, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin ár hvert þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og ný stjórn kjörin sé óskað eftir því. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við stjórnina hafi þeir einhverjar ábendingar eða athugasemdir og alltaf eru góðar hugmyndir vel þegnar. Foreldrar geta sótt sér Karellen appið í símann þar er aðgengilegt m.a. dagatal, viðburðir, upplýsingar um hvernig barnið svaf og borðaði. Einnig geta kennarar og foreldrar skrifað skilaboð til hvors annars. Foreldrar merkt við veikindi eða leyfi. Leikskólinn er einnig með facebook síðu en við notum hana nær eingöngu til að deila fréttum af heimasíðunni.

5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir

- Á vorönninni fara 5 ára börnin í heimsóknir í grunnskólann og vinna verkefni sem skipulögð eru bæði af leik- og grunnskólakennurum. Í heimsóknunum kynnast börnin skólahúsnæðinu, starfsfólki og öðrum nemendum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að leikskólabörnin nái að kynnast grunnskólanum á jákvæðan hátt og líti á hann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skóladagatal
- Innritun barna: Haust 2022 eru innrituð 25 ný börn á Reykjakot
- Menningarvika leikskólabarna- endurskoða
- Foreldrakaffi 1 sinni á önn, skógarheimsókn í desember, vorhátíð

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina *Lög nr. 150 29. desember 2020.*